

# Geðendurhæfing 5 og 7 daga

Upplýsingar um legudeildir, meðferð og þjónustu



## Geðendurhæfing – legudeildir

Þeir sem innritast á legudeildir geðendurhæfingar á Kleppi hljóta fjölbætta meðferð eftir þörfum, óskum og færni hvers og eins. Lögð er áhersla á heildræna batamiðaða þjónustu með það að markmiði að auka lífsgæði og stuðla að bata. Unnið er út frá því að hver og einn geti nýtt hæfileika sína og styrkleika og finni leiðir til sjálfshjálpar og sjálfstæðis.

### Sjúkrastofur

Á 5 daga deild eru einbýli en á 7 daga deild eru fjórar tveggja manna stofur og fjögur einbýli. Aðgengi er að þráðlausu neti á deildunum og er sjúklingum frjálst að koma með eigin fartölву.

### Meðferðarteymi

**7 daga deild:** Hver sjúklingur hefur sitt meðferðarteymi sem samanstendur af lækni, hjúkrunarfæðingi, umsjónaraðila, iðjuþjálfa, félagsráðgjafa og sálfræðingi. Sjúklingar og meðferðarteymi halda vikuleg teymisviðtöl þar sem farið er yfir meðferðaráætlun og lagt mat á árangur meðferðar. Boðið er upp á fjölskyldufundi með sjúklingi, aðstandendum og meðferðarteymi eftir þörfum.

**5 daga deild:** Hver einstaklingur hefur sinn málastjóra og umsjónaraðila. Málastjóri er ábyrgur fyrir því að viðkomandi fái viðeigandi meðferð og endurhæfingu í samráði við meðferðarteymi deildarinnar. Umsjónaraðili sér um daglegan stuðning og hvatningu. Boðið er upp á fjölskyldufundi með sjúklingi, aðstandendum og meðferðarteymi eftir þörfum.

### Meðferðarvinna

Í upphafi meðferðar er gerður meðferðarsamningur þar sem sjúklingur skuldbindur sig til að taka fullan þátt í sinni meðferð.

Unnið er að gerð meðferðaráætlunar í samvinnu við meðferðarteymi. Þar eru tilgreind markmið sem viðkomandi ætlar sér að ná á meðferðartímanum. Þessi áætlun er endurmetin reglulega til að fylgja meðferð eftir og endurmeta þarfir.



## Áherslur í meðferð

- Bati er mögulegur.
- Vilji til að vera virkur í eigin meðferð og taka ábyrgð á eigin bataferli.
- Vilji til að tileinka sér heilbrigðar lifts- og fæðuvenjur, nýjar leiðir til að fást við erfiðar hugsanir og tilfinningar og breyta hegðun, setja sér markmið og framkvæma þau.
- Vilji til að koma auga á eigin styrkeika, taka eftir hverju bataskrefi og leita að daglegum sigrum.
- Vilji til að líta á hluti sem fara úrskeiðis sem lærðóm fremur en mistök.
- Samvinna, jákvæðni og virðing er í fyrirrúmi þegar kemur að samskiptum á deildinni.

## Þátttaka

Ætlast er til að sjúklingur taki þátt í að minnsta kosti 80% af þeirri virkni og verkefnum sem hann setur sér fyrir í hverri viku og mæti í öll skipulögð viðtöl hjá meðferðaraðilum. Endurtekin frávirk frá meðferðaráætlun geta leitt til útskriftar fyrr en áætlað var. Treysti viðkomandi sér ekki til að fara eftir ofangreindum atriðum er mikilvægt að ræða við meðferðaraðila svo hægt sé að halda áfram að styðja við einstaklinginn í meðferð.

## Hvað er í boði?

**Batamiðstöð:** Lögð er áhersla á hreyfingu og virkni. Deildin vinnur í samstarfi við Batamiðstöðina en þar er m.a. í boði fjölbreytt hreyfing, virkni, fræðsla, slökun og nývitund.

**Fræðsla:** Fræðsla er mikilvægur þáttur í geðendurhæfingu en reglulega er boðið upp á fræðslu um ýmis málefni sem snúa að geðheilbrigði, bjargráðum og bata.

**HAM meðferð:** Í boði er hugræn atferlismeðferð (HAM). Markmið með HAM er að tileinka sér nýjar leiðir til að takast á við óhjálplegar hugsanir, tilfinningar og hegðun.

**DAM hópméðferð:** Boðið er upp á díalektíska atferlismeðferð (DAM) í hóp. Markmið með DAM er að auka samskipta- og tilfinningafærni og byggja upp streituþol. Nývitund er undirstaða DAM.

**Að ná tökum á tilverunni (ATT hópur):** Hópur sem hittist reglulega til að auka innsæi í sinn vanda, finna bjargráð og viðhalda bata. Unnið er á verkefnaformi.

**Tengsl við úrræði utan deilda:** Mikil áhersla er lögð á að tengja einstaklinginn í virkni utan deilda til að tryggja samfelli eftir útskrift. Hægt er að fá kynningu á úrræðum eins og Janus, Hringsjá VIRK, Hugarafli, Hlutverkasetri, Geysi og athvörfum eins og Vin, Læk og Dvöl og fleira.

## Útbúnaður

- Sjúklingar nota sín eigin föt og þurfa föt til skipta, náttföt, nærfatnað, sokka og inniskó.
- Útifatnaður: Þægilega skó, úlpu/yfirhöfn og annað sem hæfir veðri.
- Íþróttafatnað, íþróttaskó og sundföt.
- Snyrtivörur: Tannbursta, tannkrem, sjampó, húðkrem o.fl.

Aðgangur er að þvottavél á deildunum.

## Verðmæti

Vinsamlegast athugið að starfsmenn spítalans geta ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum. Hægt er að geyma verðmæti í læstum skápum á vakt.

## Reykingar og neysla vímuefna

Reykingar, rafrettur og önnur notkun tóbaksefna er ekki leyfð á deildunum. Þá er öll notkun áfengis- og vímuefna óheimil á deildunum.

## Lyf

Lyfjagafir eru samkvæmt fyrirmælum lækna. Neysla annarra lyfja er óheimil, einnig í bæjar- og helgarleyfum.

## Matur

Matsalur er staðsettur á 7d deild og er sameiginlegur fyrir báðar einingar.

## Hagnýtar upplýsingar

Geðendurhæfingin er staðsett í aðalbyggingu á Kleppi. Staðsetning 5 daga deilda er á 3. hæð og 7 daga á 2. hæð. 5 daga deildin er lokað frá kl. 15 á föstudögum til kl. 08:00 á mánudögum. 7 daga deildin er opin alla daga vikunnar.

Heimsókn frá aðstandendum er skipulögð í samráði við starfsfólk deilda.

Eftir kl. 22:00 er æskilegt að ró sé komin á.

## Símanúmer

### Símanúmer á 5 daga deild

Vakt: 543-4211 og 543-4221

Sjúklingasími: 543-4218

### Símanúmer á 7 daga deild

Vakt: 543-4213 og 543-4231

Sjúklingasími: 543-4636

Lögð er áhersla á hlýlegt, rólegt og öruggt umhverfi. Starf deildanna byggir á trausti, virðingu og samvinnu.

Samvinna á milli sjúklings og/eða nánustu aðstandenda og starfsfólks er mikilvæg. Lögð er áhersla á virkt upplýsingaflæði til að tryggja samfelli í meðferð og við gerð útskriftaráætlunar.

Til minnis

ÚTGEFANDI:  
LANDSPÍTALI, GEÐENDURHÆFING Á KLEPPI, NÓVEMBER 2018

ÁBYRGÐ:  
YFIRLÆKNIR OG DEILDARSTJÓRI GEÐENDURHÆFINGAR Á KLEPPI

YFIRLÆKNIR:  
HALLDÓR KOLBEINSSON

DEILDARSTJÓRI:  
DÍANA LIZ FRANKSDÓTTIR

MYNDIR:  
SHUTTERSTOCK.COM OG GUNNL AUGUR RÖGNVALDSSON

HÖNNUN:  
SAMSKIPTADEILD LSH